




SUÐURTANGI

Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Greinargerð

24. maí 2024

23. október 2024: Breytt eftir auglýsingu sbr. kafla 1.4.



GREINARGERÐ

Breyting á aðalskipulagi skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

ÚTGÁFUSAGA:					
NR. ÚTGÁFU	DAGS.	HÖFUNDUR	RÝNT AF	SAMP.	ÚTGÁFUSTAÐA / BREYTINGAR
1	2024-03-08	GPEy	EBK	GPEy	Vinnslutillaga til kynningar
2	2024-05-24	GPEy	EBK	GPEy	Greinargerð - tillaga til auglýsingar
3	2024-10-23	GPEy	EBK	GPEy	Samþykkt tillaga



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	1
1.1 Aðdragandi og tilefni skipulagsbreytingar	1
1.2 Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar	1
1.3 Matsskylda	1
1.4 Málsmeðferð og kynning	2
2 FORSENDUR OG SAMHENGSKIPLAGS-BREYTINGAR.....	3
2.1 Skipulagssvæðið	3
2.2 Staðhættir og nýting á Suðurtanga	3
2.3 Gildandi aðalskipulag og breytingar	4
2.4 Deiliskipulag	8
2.5 Tengsl við aðrar áætlanir.....	8
3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI.....	11
3.1 Atvinnusvæði	11
3.2 Hafnarsvæði	12
3.3 Miðsvæði.....	13
3.4 Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar	14
3.5 Safna- og menningarhús	14
3.6 Útivist, opin svæði og íþróttir.....	15
3.7 Göngu- og hjólaleiðir.....	16
3.8 Sjóvarnir	16

3.9 Gatnakerfi í þéttbýli	16
3.10 Fráveita	17
3.11 Vatnsveita	17
4 UMHVERFISMAT	18
4.1 Matsskylda áætlunar	18
4.2 Viðmið, vísar og umhverfispættir	18
4.3 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna	22
4.4 Stefnukostir	22
4.5 Áhrif aðalskipulagsbreytingar	23
4.6 Niðurstaða	31
4.7 Eftirfylgni og mótvægisáðgerðir	31
TILVITNANIR OG HEIMILDIR.....	32



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

þann 31. 10. 20 24.



Bryndís Ó. Jónsdóttir

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

20. 12. 2024

Ólafur Jónsson



SKIPULAGSLÝSING

KYNNING Á VINNSLUSTIGI

AUGLÝSING

STAÐFESTING

FERLI SKIPULAGSTILLÖGU – HVAR ERUM VIÐ STÖDD?

1 INNGANGUR

1.1 Aðdragandi og tilefni skipulagsbreytingar

Hvati skipulagsbreytinga á Suðurtanga (Mynd 1) er aukin eftirspurn atvinnulóða á Ísafirði síðustu misseri. Í núgildandi aðalskipulagi og gildandi deiliskipulögum á tunganum er ekki gert ráð fyrir þeim umsvifum sem nú eru á svæðinu og eru fyrir séð, m.a. í tengslum við ferðaþjónustu, fiskeldi og annan sjávarútveg. Skapa þarf rými fyrir þessar og aðrar atvinnugreinar og samræma við sífellt fjölbreyttari starfsemi hafnarinnar á Ísafirði. Ísafjarðarhöfn hefur þróast úr því að vera fyrst og fremst fiskihöfn yfir í það að þjóna fjölbreyttri flóru báta og skipa í takt við stefnu sveitarfélagsins og hafnarinnar. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið að endurskoðun tveggja deiliskipulaga á tunganum. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

1.2 Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að tryggja atvinnulífi á Ísafirði nægt rými til vaxtar og þróunar, draga úr hagsmunaárekstrum á milli mismunandi atvinnugreina og auka öryggi. Fjölga á atvinnulóðum á Suðurtanga og styrkja höfnina og starfsemi í tengslum við hana.

1.3 Matsskylda

Skipulagsbreytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar eða matsskyldar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fjallað er um umhverfismat aðalskipulagsins í kafla 4.



Mynd 1 Afmörkun svæðis sem aðalskipulagsbreytingin tekur til. (Mynd frá Loftmyndum ehf., tekin 2023)



1.4 Málsmeðferð og kynning

Aðalskipulagsbreytingin er unnin samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 7. desember 2023 að auglýsa skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar. Skipulagslýsing var kynnt frá 8. desember 2023 til 5. janúar 2024. Á kynningartímanum var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsingin var send eftirfarandi aðilum, auk Skipulagsstofnunar, til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Veðurstofan
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Orkubú Vestfjarða
- Snerpa
- Míla
- Isavia
- Umhverfisstofnun
- Samgöngustofa
- Bolungarvíkurkaupstaður

Umsagnir bárust frá Mílu, Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Samgöngustofu, auk Skipulagsstofnunar. Tekið var mið af umsögnunum við gerð skipulagstillögunnar. Engar athugasemdir bárust frá íbúum eða öðrum hagsmunaaðilum.

Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og í fleiri miðlum frá 26. mars til 19. apríl 2024. Þann 12. apríl var opið hús hjá Ísafjarðarbæ vegna skipulagsbreytingarinnar. Tvær athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum. Önnur þeirra varðaði ferðamenn, ásynd, umferðaröryggi og atvinnustarfsemi á svæðinu. Vinnslutillagan var send þeim umsagnaraðilum sem taldir voru upp hér að framan. Umsagnir bárust frá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, Mílu, Bolungarvíkurkaupstað, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Tekið var mið af umsögnunum við gerð skipulagstillögunnar.

Þann 6. júní 2024 samþykkti bæjarstjórn að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst, eftir yfirferð Skipulagsstofnunar, frá 20. ágúst til og með 3. október 2024. Umagnir bárust frá Snerpu, Minjastofnun Íslands, Isavia, Vegagerðinni, slökkviliði Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstað, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Umsögn Umhverfisstofnunar kallaði á breytingu á umfjöllun um áhrif skipulagsins á umhverfi hafsins og auðlindir þess í töflu 4. Auk þess var bætt við upplýsingum um Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 í kafla 2.5.

Engar athugasemdir bárust frá almenningi. Umsagnir og athugasemdir í skipulagsferlinu eru aðgengilegar í gegnum Skipulagsgáttina (skipulagsgatt.is). Þann 24. október 2024 lagði skipulags- og mannvirkjanefnd til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt. Viðbrögð sveitarfélagsins við umsögnum má sjá í fundargerð nefndarinnar frá 24. október. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti aðalskipulagsbreytinguna þann -- 2024.

Ísafjarðarbær birti auglýsingu um afgreiðslu skipulagsbreytingarinnar á vefsíðu sinni þann -- 2024. Í framhaldi af samþykkt bæjarstjórnar var Skipulagsstofnun send tillaga að aðalskipulagsbreytingunni til staðfestingar skv. 32. gr. skipulagslaga.



2 FORSENDUR OG SAMHENGSKIPLAGS- BREYTINGAR

2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið tekur til Suðurtanga, sunnan Ásgeirsgötu og Sundahafnar, sem er neðsti hluti Eyrarinnar (Mynd 1). Svæðið sem skipulagið tekur til er um 31 ha. Í gildandi aðalskipulagi er Sundabakki skilgreindur sem hafnarsvæði og innan við hann er iðnaðarsvæði fyrir fjölbreyttan iðnað. Í gildandi aðalskipulagi er einnig gert ráð fyrir íbúðarsvæði eftir endilöngum tanganum. Næst sjó á vestanverðum tanganum er svæði fyrir þjónustustofnanir og nyrst er svæði sem tilheyrir miðsvæði. Syðst á tanganum er grænt svæði í gildandi aðalskipulagi.

2.2 Staðhættir og nýting á Suðurtanga

Stór hluti Suðurtanga er flöt landfylling sem liggur lágt. Vestasti hluti svæðisins er hinn náttúrulegi Suðurtangi og þar er að finna einu upprunalegu fjöruna sem eftir er á Eyrinni. Svæðið er fremur lítið gróið enda samanstendur það af fyllingum og fjörükambi.

Gildandi aðal- og deiliskipulag gerir ráð fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði á eystri hluta Suðurtanga en á vestari hlutanum er einkum gert ráð fyrir íbúðarbyggð og þjónustusvæði. Á austanverðum tanganum hefur verið unnið að stækkun landfyllingar og lengingar Sundabakka síðan árið 2021. Hafnarkanturinn er kominn í notkun og er unnið að frekari frágangi á honum. Síðustu misseri hafa risið byggingar á eystri hluta Suðurtanga í samræmi við deiliskipulag. Á austanverðum tanganum er tæplega 8.000 m² gá mavöllur ásamt viðlegukanti og tilheyrandi hafnarsvæði.

Elstu húsabyrpingu landsins er að finna í Neðstakaupstað og eru byggingarnar friðlýstar. Einu minjarnar á skipulagssvæðinu er að finna í Neðstakaupstað samkvæmt fornleifaskráningu.¹ ² Í október 2023 varð Neðstakaupstaður að verndarsvæði í byggð ásamt öðrum hluta Eyrarinnar í samræmi við 5. gr. laga um

verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.³ Svæðið nýtur einnig hverfisverndar, sbr. kafla 2.3.

Staðhættir á Suðurtanga gera það að verkum að uppbygging á svæðinu er nokkrum takmörkum háð. Miða þarf skipulagsgerðina við líklega sjávarhæð og möguleg sjávarflóð í framtíðinni. Þekkt er að sjór flæðir á land þegar hásjávað er og vestlægar vindáttir eru sterkar. Í gildandi deiliskipulagi eru ákvæði um hæð landsins m.t.t. mats á líklegum sjávarflóðum. Ekki liggur fyrir staðbundið hættumat með áhættuviðmiðum vegna sjávarflóða. Í tengslum við endurskoðun deiliskipulags á Suðurtanga, sem unnið er samhliða aðalskipulagsgerðinni, hefur Vegagerðin sett fram lágmarks gólfhæð bygginga. Gerð verður grein fyrir henni í deiliskipulaginu.

Vegna nálægðar við Ísafjarðarflugvöll er hæðartakmörkun mannvirkja á Suðurtanga, einkum syðst, skv. lögum um loftferðir nr. 80/2022. Gera þarf grein fyrir hæðartakmörkum í deiliskipulagi.

Á síðari hluta áttunda áratugar og á níunda ártug síðustu aldar var óbrennanlegt sorp urðað á uppfallingarsvæðum á Suðurtanga. Eftir að sorpbrennslustöðinni á Skarfaskeri var lokað var almennt sorp einnig urðað á svæðinu eða þar til Sorpbrennslan Funi í Engidal tók til starfa árið 1994.

Á Ísafirði hefur eftirspurn eftir atvinnulóðum aukist og meira hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði en áður. Lóðir sem liggja nálægt hafnarkanti eru verðmætar fyrir þau fyrirtæki sem nýta og vinna auðlindir sjávar eða flytja út vörur með skipi.

Árið 2023 tók gildi breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er nú gert ráð fyrir íbúðarbyggð á nýrri landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar. Á Eyrinni er einnig tækifæri til þéttingar byggðar og fleiri möguleikar eru til stækkunar íbúðarsvæða í Skutulsfirði. Því hefur sú stefna verið mörkuð að falla frá íbúðarbyggð á Suðurtanga og fjölga atvinnulóðum á tanganum í takt við aukna eftirspurn eftir þeim.

Í yfirstandandi deiliskipulagsvinnu á Suðurtanga er unnið að því að samræma núverandi og fyrirhugaða starfsemi á skipulagssvæðinu og tryggja nægt rými til vaxtar. Mikil aukning í komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur aukið álag á

¹ Ragnar Edvardsson og Ruth Al Maher, 2002

² Bragi Bergsson o.fl., 2022

³ Alta, 2022



innviði bæjarins og árekstrum á milli farþega skipanna og atvinnustarfsemi á tanganum hefur fjölgað í takt við það.^{4 5} Ísafjarðarbær hefur sett fram stefnu og aðgerðaáætlun um móttöku skemmtiferðaskipa.⁶


Suðurtanginn hefur takmarkað útivistargildi í dag. Lítið er um aðgengilegar fjörur á svæðinu, enda er tanginn að mestu leyti landfylling. Þó er fjaran við Neðstikaupstað og slippinn aðgengileg en er fremur óaðlaðandi vegna lélegrar umhirðu. Gæði svæðisins liggja í nálægðinni við sjóinn og þeim menningarminjum sem þar eru.

Nú er unnið að verkefninu Nýsköpunarbærinn Ísafjörður í samstarfi við Vestfjarðarstofu. Verkefninu er ætlað að efla Ísafjörð sem nýsköpunarbæ og ýta undir og efla hugarfar nýsköpunar á svæðinu. Markmið verkefnisins er að tengja miðbæinn og hafnarsvæði Ísafjarðar saman í gegnum vinnu við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar sem nú er í gangi.⁷

2.3 Gildandi aðalskipulag og breytingar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. febrúar 2010 og staðfest af umhverfisstofu þann 31. mars 2010 (Mynd 2). Gerðar hafa verið 18 breytingar frá staðfestingunni. Unnið er að heildarendurskoðun skipulagsins en óljóst er hvenær nýtt skipulag tekur gildi.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir lengingu Sundabakka og landfyllingu. Hafnarkanturinn hefur nú verið lengdur og fyllingin gerð en unnið er að frágangi á kantinum. Sundabakki og lóðirnar næst honum eru skilgreindar sem hafnarsvæði í gildandi aðalskipulagi en innar er iðnaðarsvæði. Á vestari hluta tangans er íbúðarsvæði en á milli þess og iðnaðarsvæðisins er grænt svæði með gönguleið. Einnig er grænt svæði syðst á tanganum. Vestast er þjónustusvæði, þar sem gamli slippurinn og Neðstikaupstaður eru. Nyrst á vestari hluta tangans er miðsvæði og hafnarsvæði sem tilheyrir Ásgeirsbakka (Mynd 2). Neðstikaupstaður og nágrenni hans njóta hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi.



Mynd 2 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skjáskot af þéttbýlisupprætti. Brotalína sýnir afmörkun þess svæðis sem breytingin tekur til. Afmörkun er breytt frá skipulagslýsingu, þar sem nú er gert ráð fyrir landfyllingu við suðurenda tangans og færslu landtöku vatnslagnar.

⁴ Ísafjarðarbær, 2019

⁵ Ísafjarðarbær, 2023

⁶ Ísafjarðarbær, 2024.

⁷ Vestfjarðastofa, 2023B



Í aðalskipulagsbreytingunni er ekki gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð. Þess í stað koma nýjar atvinnulóðir. Vestanverður tanginn breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir og íbúðarsvæði í athafnasvæði og miðsvæði. Gert er ráð fyrir gámasvæði á syðsta hluta tangans og því mun hafnarsvæðið ná til þess hluta. Gert er ráð fyrir landfyllingu á syðsta hluta tangans til að stækka byggingarland og hafnarsvæðið. Ekki var gert ráð fyrir landfyllingu þegar skipulagslýsing var kynnt.

Með breytingunni verður núverandi og fyrirhuguð starfsemi á skipulagssvæðinu samræmd og þeim tryggt aukið rými til vaxtar. Mikil aukning í komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur aukið álag á innviði bæjarins og árekstrum á milli farþega skipanna og atvinnustarfsemi á tanganum hefur fjölgað í takt við það.^{8 9}

LEIÐARLIÓS

Í leiðarljósi gildandi aðalskipulags má sjá helstu áhersluatriði sveitarfélagsins:

Leiðarljós aðalskipulagsins er það að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannauði sem er til staðar. Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.

YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi. Í skipulaginu segir auk þess: Menningarsöguleg verðmæti, önnur en byggingar, þarf einnig að vernda en jafnframt veita almenningi aðgang að þeim, hvort sem þau eru manngerð eða náttúruleg. Áhersla verður lögð á metnaðarfulla hönnun á umhverfi, m.a. lýsingu, gangstétta- og gatnagerð, segir í gildandi aðalskipulagi.

HAFNARSVÆÐI OG HAFNIR

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir lengingu Sundabakka og dýpkun við kantinn til að auka afkastagetu hafnarinnar. Þær framkvæmdir eru langt komnar eins og fram hefur komið.

Í skipulaginu er lögð áhersla á að uppbygging hafnarsvæða verði nýtt til að skapa sóknarfæri fyrir hvern bæ og styrki þannig stöðu Ísafjarðar sem byggðakjarna fjórðungsins. Eftirfarandi markmið eru m.a. sett í gildandi skipulagi um hafnarsvæði:

- Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina, eins og vöru- og farþegaflutninga og ferðaþjónustu
- Aðstaða fyrir smábátaútgerð verði til fyrirmyndar
- Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð
- Aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur Grænlandi
- Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar

Í gildandi aðalskipulagi nær hafnarsvæði K1 frá Suðurtanga og að Mávagarði. Á reitnum er gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á skemmtiferðaskip, ferðaþjónustu og léttan iðnað.

IÐNAÐARSVÆÐI

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að iðngreinar og iðnaður geti eflst og stækkað. Eftirfarandi markmið eru m.a. sett í skipulaginu um iðnaðarsvæði:

- Efla iðngreinar, nýsköpun og útflutning
- Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa
- Þar sem möguleikar eru á nýtingu eldri húsa í þágu atvinnutækifæra, verði fullt tillit tekið til sögu- og verndargildis húsa og umhverfis

⁸ Ísafjarðarbær, 2019

⁹ Ísafjarðarbær, 2023



Á austanverðum Suðurtanganum er skilgreint svæði fyrir fjölbreyttan iðnað sem samrýmist umhverfi og nálægri landnýtingu. Í ákvæðum kemur fram að huga skuli sérstaklega að nálægð við fyrirhugaða íbúðabyggð á tanganum. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

SVÆÐI FYRIR ÍBÚÐABYGGÐ

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þéttingu byggðar og nýrra hverfishluta, m.a. á Suðurtanga. Í aðalskipulaginu segir:

- Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis.
- Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir allt að 70 nýjum íbúðum á svæði í 1 á Suðurtanganum. Í ákvæðum reitsins kemur fram að byggðin skuli vera í anda þess yfirbragðs sem er að finna á Eyrinni og að leitast skuli við að mynda góð tengsl menningarsögu og náttúru. Jafnframt segir að skoða þurfi áhrif sjávarflóða á svæðið, einkum m.t.t. hækkandi sjávarstöðu.

Á árinu 2023 var gerð breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er nú gert ráð fyrir íbúðarbyggð á fyrirhugaðri landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar.

MIÐSVÆÐI

Fjallað er um miðsvæði í kafla 7.4.3 í gildandi aðalskipulagi. Þar eru eftirfarandi markmið sett:

- Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar
- Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna, sem og snyrtilegu umhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi svæðanna, þ.e. starfsemi sem eflir líf í miðbæjunum.

- Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi. Miðsvæðunum er ætlað að vera samkomustaður fólks og traustur grunnur fyrir þjónustu, verslun, mannlíf og aðra menningu. Áhersla er lögð á öflugan og líflegan miðbæ með tengingu miðsvæða við hafnarsvæði og sögustaði. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólréiðastígum að sjó og fjöru, útsýnisstöðum og tengingum við græn svæði.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi markmið m.a. sett um útivist:

- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar
- Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfa
- Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi efla
- Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis.

Gert er ráð fyrir útivistarsvæði á Suðurtanga í gildandi aðalskipulagi. Þar er lögð áhersla á aðlaðandi umhverfi, til mótvægis við iðnaðarsvæði í næsta nágrenni, og aðgengi að fjöru. Svæðið er hugsað til að draga úr áhrifum iðnaðarsvæðis á íbúðarbyggð sem gert er ráð fyrir vestar á tanganum í skipulaginu.

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi markmið m.a. sett um svæði fyrir þjónustustofnanir:

- Ísafjarðarbær standi áfram undir nafni sem menningarbær
- Gamla byggingar með sögulegu gildi verði nýttar fyrir menningarlífið
- Auka vægi safna og safnastarfs í menningu bæjarinnar

Vestasti hluti Suðurtanga er skilgreindur sem svæði fyrir þjónustustofnanir í gildandi aðalskipulagi. Þar er m.a. safnasvæðið í Neðstakaupstað og gamli



slippurinn. Skipulagið gerir ráð fyrir stækkun og eflingu safnasvæðisins. Safnasvæðið og gamla fjaran að slippnum eru hverfisvernduð.

VEITUR

Í gildandi aðalskipulagi er m.a. sett markið um að byggja upp veitukerfi sem stenst samanburð við aðra byggðakjarna á landinu en jafnframt lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna þessa.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að allt skólp frá Eyrinni verði leitt út fyrir hana. Hreinsun heimilisskólps skal miðast við grófhreinsun rusls sem veldur sjónmengun. Skólp skal leitt út í sjó þar sem viðtakinn ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Stefnt skal að tvöföldu fráveitukerfi í öllum hverfum sveitarfélagsins. Grófhreinsistöð er ekki tilgreind eða staðsett á Suðurtanga í gildandi skipulagi.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir vatnslögn sem þverar Pollinn, frá innsta hluta Skutulsfjarðar og að Suðurtanga.

SAMGÖNGUR

Markmið um samgöngur, í 12. Kafla gildandi aðalskipulags, eru m.a. eftirfarandi:

- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- Efla almenningssamgöngur
- Innan þéttbýlissvæða verði áhersla lögð á það að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum

Í umfjöllun um gatnakerfi í þéttbýli í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi markmið m.a. sett:

- Tryggja ásættanlegt gatnakerfi fyrir íbúa og aðra notendur
- Tryggja örugga akstursleið um Eyrina á Ísafirði
- Lágmarka neikvæð áhrif umferðar á byggð

Tryggja að umferð og götur skerði sem minnst útivistarsvæði og náttúru Markmið um göngu- og hjólaleiðir í kafla 12.2 eru:

- Allir íbúar í þéttbýli hafi greiðan aðgang að öruggum gönguleiðum
- Tengja saman einstök hverfi með öruggu stígakerfi sem gegni hlutverki samgangna, auk útivistar
- Fyrirkomulag gönguleiða hvetji íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu
- Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi

Í gildandi aðalskipulagi segir að gott aðgengi að göngu- og hjólaleiðum sé mikilvægur þáttur í því að efla lýðheilsu. Einnig að stígakerfið eigi að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir og þannig stuðla að heilnæmara umhverfi. Í aðalskipulaginu er því lögð áhersla á að mynda net göngu- og hjólaleiða í og við þéttbýlisstaðina. Áhersla er lögð á að megingönguleiðir verði færar öllum íbúum, allt árið og ávallt verði leitast við að hafa aðgengi fyrir alla, þar sem því verður við komið.

Aðalskipulagið leggur áherslu á að útigögn við stíga, s.s. bekkir og sorpílát, verði með hæfilegu millibili, þannig að svæðin nýtist öllum. Mikilvægt er að göngu- og hjólaleiðir verði lagðar þannig að jákvæð áhrif frá umhverfinu nýtist sem best en að neikvæð áhrif, eins og frá bílaumferð, verði lágmarkuð. Áhersla er einnig lögð á að leita öruggra lausna þar sem göngu- og hjólaleiðir þvera stærri umferðargötur.

Gönguleiðir á Suðurtanga eru tilgreindar á þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags.

NÁTTÚRUVÁ

Í 3. kafla gildandi aðalskipulags er fjallað um náttúruvá og markmið varðandi þau eru eftirfarandi:

- Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvá
- Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá



Markmið varðandi viðbrögð við sjávarrofi eru þessi:

- Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð
- Ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum

Í aðalskipulaginu segir að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á hæðarbreytingum lands og öðrum þáttum er snerta sjóvarnir til að hægt sé að meta það með hvaða hætti er best að verja byggð og mannvirki fyrir ágangi sjávar. Við skipulag og hönnun sjóvarna þurfi jafnframt að huga að útsýni og ásýnd Eyrarinnar.

HVERFISVERND

Safnasvæðið í Neðstakaupstað og gamla fjaran að slippnum eru hverfisvernduð. Markmið hverfisverndarinnar er að:

- Varðveita húsabyrpinguna og tryggja gæði umhverfisins þannig að svæðið styrkist sem heild
- Varðveita fjöruna en jafnframt tryggja aðgengi almennings að henni

Lögð er áhersla á það að húsabyrpingin og fjaran verði vernduð sem heildstæð eining.

2.4 Deiliskipulag

Á Suðurtanga eru í gildi tvö deiliskipulög sem voru unnin samhliða og samþykkt árið 2015. Nú er unnið að endurskoðun þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að fjölga atvinnulóðum, m.a. í sjávertengdri starfsemi, og samþætta fjölbreytta nýtingu á skipulagssvæðinu. Gert er ráð fyrir einu deiliskipulagi í stað þeirra tveggja sem eru í gildi.

SUÐURTANGI, ÍBÚÐAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI – SAMÞYKKT 5. NÓVEMBER 2015.

Meginmarkmið gildandi deiliskipulags er að skapa rými fyrir íbúðarbyggð þar sem gæðin byggjast á góðu aðgengi að sjó og aðstöðu fyrir sjósport sem og nálægð við miðbæ og þjónustu. Markmiðið er jafnframt að efla umhverfi minja sem eru

á svæðinu og tryggja vernd þeirra. Þá er einnig lögð áhersla á að innan svæðisins verði mögulegt að efla þjónustu fyrir íbúa og gesti.

SUÐURTANGI, HAFNAR OG IÐNAÐARSVÆÐI – SAMÞYKKT 5. NÓVEMBER 2015.

Skipulaginu hefur verið breytt fjórum sinnum frá gildistöku þess. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skapa rými fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við hafnaraðstöðu og um leið rennir styrkari stoðum undir rekstur hafnarinnar. Markmiðið er jafnframt að auka og bæta hafnaraðstöðu bæjarins sem og að styrkja núverandi atvinnusvæði á Eyrinni.

Aðliggjandi þessum tveimur deiliskipulögum er deiliskipulag Ísafjarðarhafnar sem samþykkt var í október 1995.

2.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Við aðalskipulagsbreytinguna hefur verið gætt að samræmi hennar við aðrar áætlanir.

LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2024-2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þann 16. maí 2024 samþykkti Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.¹⁰ Lykilviðfangsefni landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi samkvæmt þingsályktuninni:

- Viðbrögð við loftslagsbreytingum
- Jafnvægi í uppbyggingu húsnaðis og lífsgæða í byggðu umhverfi
- Uppbygging þjóðhagslegra mikilvægra innviða
- Landnotkun í dreifbýli
- Landnotkun á miðhálendi Íslands

¹⁰ Alþingi, 2024.



- Orkuskipti í samgöngum og fjölbreyttur ferðamáti
- Skipulag haf- og strandsvæða
- Skipulag vindorku
- Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Í framtíðarsýn stefnunnar segir að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Eftirfarandi áherslur í landsskipulagsstefnu tengjast skipulagsgerðinni:

Markmið um vernd umhverfis og náttúru

- Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út á lofti, á láði og legi.
- Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.
- Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.
- Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

Markmið um velsæld samfélags

- Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.
- Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðabróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðakjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf.

- Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.
- Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.
- Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.
- Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf

- Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.
- Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.
- Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

AÐRAR ÁÆTLANIR OG STEFNUMÓTANDI VERKEFNI

Hér eru dæmi um áætlanir og stefnuskjöl á landsvísu sem varða sérstaklega aðalskipulagsbreytinguna.

Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040. Orkuskipti í samgöngum og áttak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði áætlunarinnar.¹¹

Í ljósi loftslagsvárs – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum er stefna íslenskra stjórnvalda um aðlögun samfélags okkar að loftslagsbreytingum. Hún felur í sér að grípa til mótvægisáðgerða, til að draga úr losun og auka bindingu, og aðgerða til þess að aðlaga samfélagið að þeim breytingum sem óhjákvæmilega munu

¹¹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2020



verða. Markmiðið er m.a. að taka mið af samfélagslegum áhrifum loftslagsbreytinga.¹²

Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að bættum loftgæðum og heilnæmu umhverfi.¹³

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er stefnumótandi byggðaaætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.¹⁴

Áfangastaðaaætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun sem snýst um uppbyggingu ferðaþjónustu og áfangastaða. Meginmarkmið áætlunarinnar er m.a. uppbygging gæðaaáfangastaða, bættar samgöngur, viðhald sérkenna svæðis og náttúru og heilsársferðaþjónustu.¹⁵

Stefna og aðgerðaaætlun um móttöku skemmtiferðaskipa við hafnir Ísafjarðarbæjar 2024-2027. Plaggið var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í apríl 2024. Stefnunni er ætlað að bæta upplifun gesta og minnka neikvæð áhrif af komum skemmtiferðaskipa.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaaætlun í loftslagsmálum.¹⁶

Ísafjarðarbær er aðili að *Heilsuefandi samfélagi*, en meginmarkmið verkefnisins er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra

íbúa. Í slíku samfélagi er heilsa og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.¹⁷

*Stefnumótandi byggðaaætlun 2022-2036.*¹⁸ Markmið byggðaaætlunar eru að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

*Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.*¹⁹ Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaaætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land. Innri hluti Skutulsfjarðar er vatnshlot IS101-1282-C og Skutulsfjörður ytri 101-1381-C samkvæmt vatnaáætlun. Strandsjavarhlotið Skutulsfjörður ytri hefur ekki verið ástandsflökkað og því er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess ekki þekkt. Skutulsfjörður innri hefur verið flökkaður í gott efnafræðilegt ástand en óvissa ríkir um ástandið samkvæmt álagsgreiningu sem gerð var árið 2013. Samkvæmt Umhverfisstofnun er vistfræðilegt ástand vatnshlotsins óvísst þar til niðurstöður vöktunar á vistfræðilegum gæðapáttum liggja fyrir og ástand þess hefur verið metið.²⁰

*Menningarstefna í mannvirkjagerð.*²¹ Í menningarstefnu í mannvirkjagerð er m.a. lögð áhersla á verndun ósnortins lands, byggingararf og aðlögun mannvirkja að landslagi sem og gæði þeirra. Skutulsfjarðareyrin er rík af sögufrægum byggingum og telst stór hluti hennar til menningarsögulegra verðmæta.

¹² Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021

¹³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017.

¹⁴ Vestfjarðastofa 2023A

¹⁵ Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018

¹⁶ Stjórnarráð Íslands, 2020a

¹⁷ Embætti landlæknis, 2023

¹⁸ Stjórnarráð Íslands, 2022

¹⁹ Umhverfisstofnun, 2022

²⁰ Umsögn UST við auglýsta skipulagstillögu.

²¹ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014



3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Með aðalskipulagsbreytingunni er atvinnulóðum á Suðurtanga fjölgað í takt við aukna eftirspurn. Þannig er atvinnulífinu á Ísafirði tryggt aukið rými til vaxtar og þróunar. Breytingunni er ætlað að styrkja höfnina og draga úr hagsmunaárekstrum á milli mismunandi atvinnugreina, m.a. vegna aukins fjölda í komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar. Henni er einnig ætlað að tryggja öruggar leiðir farþega af skemmtiferðaskipum og efla tengsl við miðbæ og ferðaþjónustu. Samspil atvinnugreina er nánar útfært í deiliskipulagi sem er auglýst samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu.

Í aðalskipulagsbreytingunni er ekki gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð. Þess í stað koma nýjar atvinnulóðir og möguleiki á stækkun gámasvæðis. Syðst á tanganum er gert ráð fyrir nýrri u.þ.b. 2,3 ha landfyllingu. Efnismagn er óþekkt. Nýta á efni sem til fellur vegna dýpkunar við Sundabakka og í Sundunum, sbr. gildandi aðalskipulag.

3.1 Atvinnusvæði

Svæði fyrir íbúðarbyggð breytist í nýtt athafnasvæði. Einnig breytist hluti af hafnarsvæði, iðnaðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota í athafnasvæði. Hluti af hafnarsvæði breytist í iðnaðarsvæði. Nýr á tanganum breytist hluti af iðnaðarsvæði í miðsvæði. Í gildandi aðalskipulagi er slippurinn innan svæðis fyrir þjónustustofnanir en verður eftir breytingu hluti af athafnasvæði. Syðst á Suðurtanga er gert ráð fyrir stækkun athafnasvæðis á landfyllingu.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. [Fyrir breytingu aðalskipulags]

Svæði	Ákvæði
i40 – Iðnaðarsvæði á Suðurtanga á Ísafirði / 5 ha.	Gert er ráð fyrir fjölbreyttum iðnaði sem samrýmist umhverfi og nálægri landnýtingu. Huga skal sérstaklega að nálægð við fyrirhugaða íbúðabyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Ákvæði i40 breytast og nýtt svæði, A23, bætist við töfluna.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. [Breytt aðalskipulag]

Svæði	Ákvæði
i40 – Iðnaðarsvæði á Suðurtanga á Ísafirði/ 6,8 ha. Þrír reitir.	Gert er ráð fyrir fjölbreyttum iðnaði sem samrýmist umhverfi og nálægri landnýtingu. Svæðið er einkum fyrir starfsemi sem krefst aðgengi að höfn og nauðsynlega innviði, svo sem framleiðslu og afhendingu á endurnýjanlegu eldsneyti. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa, sem skal nánar útfært í deiliskipulagi. Hæð mannvirkja takmarkast af hindranaflötum Ísafjarðarflugvallar.
A23 – Athafnasvæði á Suðurtanga 9,7 ha. Að hluta til á nýrri landfyllingu.	Léttur iðnaður, t.d. þjónusta fyrir sjávarútveg, slippur, fiskvinnsla og önnur matvælavinnsla, framleiðslufyrirtæki, vörugæmslur, hreinleg verkstæði, umboðs- og heildverslanir og ýmis nýsköpun. Einnig er svigrúm fyrir þjónustu, svo sem veitingasölu og verslanir. Sérstök áhersla er lögð á snyrtilega ásýnd byggðar sem snýr að Pollinum og hinni hverfisvernduðu fjöru. Hugað skal að ásýnd byggðar séð frá Skutulsfjarðarbraut og byggðinni fyrir ofan hana. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa. Tryggja skal örugga gönguleið farþega til að lágmarka hættu á skörun við aðra starfsemi á svæðinu. Móttökusvæði farþega skulu nánar útfærð í deiliskipulagi. Hæð mannvirkja takmarkast af hindranaflötum Ísafjarðarflugvallar.



BREYTINGAR Á UPPDRÆTTI

Íbúðarsvæði (Í1), svæði fyrir þjónustustofnanir (Þ11) og hluti af iðnaðarsvæði (i40), hafnarsvæði (K1) og opnu svæði til sérstakra nota (Ú13) breytast í nýtt athafnasvæði (A23). Hluti af iðnaðarsvæði (i40) breytist í miðsvæði (M4) og hluti af hafnarsvæði (K1) breytist í iðnaðarsvæði (i40).

3.2 Hafnarsvæði

Hafnarsvæði stækkar á sunnanverðum tanganum en þar er opið svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi. Innan við Sundabakka minnkar hafnarsvæðið og breytist í iðnaðar- og athafnasvæði. Með breytingunni er svigrúm fyrir stækkun gámasvæðis og aukin áhersla er lögð á móttöku skemmtiferðaskipa. Gert er ráð fyrir frekari landfyllingu syðst á tanganum á hafnarsvæðinu. Vegna nálægðar við Ísafjarðarflugvöll eru miklar takmarkanir á hæð mannvirkja syðst og austast á tanganum og því hentar svæðið vel fyrir gámasvæði.

Tafla 8.1. Hafnarsvæði. [Fyrir breytingu aðalskipulags]

Svæði	Ákvæði
K1 – Hafnarsvæði við Sundahöfn og nágrenni á Ísafirði / 13,5 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.	Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á sjávarútveg, iðnað og flutninga. Á iðnaðarsvæði á Mávagarði er gert ráð fyrir olíubirgðastöð og skal nýting hafnarsvæða þar taka mið af nálægð við hana.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Mörk svæðis K1 og ákvæði breytast.

Tafla 8.1. Hafnarsvæði. [Breytt aðalskipulag]

Svæði	Ákvæði
K1 – Hafnarsvæði við Sundahöfn og nágrenni á Ísafirði / 10,8 ha. Að hluta til á nýrri landfyllingu. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.	Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á sjávarútveg, iðnað, flutninga, gámasvæði og ferðaþjónustu, m.a. móttöku skemmtiferðaskipa á Sundabakka. Einnig er svigrúm fyrir framleiðslu og afhendingu á endurnýjanlegu eldsneyti. Við sunnanverðan Sundabakka er gert ráð fyrir grófhreinsistöð fyrir fráveitu. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa. Tryggja skal örugga gönguleið farþega til að lágmarka skörun við aðra starfsemi á svæðinu. Móttökusvæði farþega skulu nánar útfærð í deiliskipulagi. Á iðnaðarsvæði á Mávagarði er gert ráð fyrir olíubirgðastöð og skal nýting hafnarsvæða þar taka mið af nálægð við hana. Hæð mannvirkja takmarkast af hindranaflötum Ísafjarðarflugvallar.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Hafnarsvæði stækkar á sunnanverðum tanganum, þar sem opið svæði til sérstakra nota (Ú13) breytist í hafnarsvæði (K1). Innan við Sundabakka minnkar hafnarsvæðið og breytist í iðnaðar- og athafnasvæði (i40 og A23).



3.3 Miðsvæði

Miðsvæði M4 stækkar og tekur nú til svæðis sunnan Ásgeirsgötu, m.a. Neðstakaupstaðar. Neðstikaupstaður er skilgreindur sem svæði fyrir þjónustustofnanir í gildandi skipulagi. Breytingunni er ætlað að styrka Neðstakaupstað og auka tengsl hans við miðbæinn með bættu öryggi. Ákvæði fyrir M4 og hverfisverndarákvæði breytast ekki.

Tafla 7.10. Miðsvæði aðalskipulags Ísafjarðarbæjar. [Fyrir breytingu aðalskipulags]

Svæði	Ákvæði
M4 – Ísafjörður: Eyrin í kringum Hafnarstræti, Aðalstræti, Silfurtorg og að Neðstakaupstað / 11,5 ha. Mjög fjölbreytt starfsemi og líflegt svæði, með m.a. verslun, þjónustu, stofnunum og íbúðum. Silfurtorg er kjarni miðsvæðisins. Hluti svæðisins er innan hverfisverndar, enda er þetta hluti af elstu húsabyrpingu bæjarins. Sjá einnig kafla 9.1 um skóla og íþróttahús og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur og aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri verslun og þjónustu og íbúðum. Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna sem og snyrtilegu umhverfi, í samræmi við ákvæði hverfisverndar í kafla 7.4.4. Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Svæðið tekur nú einnig til Neðstakaupstaðar. Ákvæði breytast ekki.

Tafla 7.10. Miðsvæði aðalskipulags Ísafjarðarbæjar. [Breytt aðalskipulag]

Svæði	Ákvæði
M4 – Ísafjörður: Eyrin í kringum Hafnarstræti, Aðalstræti, Silfurtorg og Neðstikaupstaður / 13,5 ha. Mjög fjölbreytt starfsemi og líflegt svæði, með m.a. verslun, þjónustu, stofnunum og íbúðum. Silfurtorg er kjarni miðsvæðisins. Hluti svæðisins er innan hverfisverndar (H8 og H13), enda er þetta hluti af elstu húsabyrpingu bæjarins. Sjá einnig kafla 9.1 um skóla og íþróttahús og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur og aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri verslun og þjónustu og íbúðum. Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna sem og snyrtilegu umhverfi, í samræmi við ákvæði hverfisverndar í kafla 7.4.4. Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa. Tryggja skal örugga gönguleið farþega skemmtiferðaskipa til að lágmarka skörun við aðra starfsemi á svæðinu. Svigrúm til stækkunar safnasvæðis í Neðstakaupstað, sbr. töflu 9.2.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Miðsvæði M4 stækkar. Svæði fyrir þjónustustofnanir í Neðstakaupstað (þ11) breytist í miðsvæði sem og hluti af iðnaðarsvæði (i40) og svæði fyrir íbúðarbyggð (í1) nyrst á skipulagssvæðinu.



3.4 Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar

Ákvæði hverfisverndar í Neðstakaupstað haldast óbreytt en tilvísun í landnotkun í töflu 7.11 breytist þar sem svæðið breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir (Þ11) í miðsvæði (M4).

Tafla 7.11. Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar. [Fyrir breytingu aðalskipulags]

Svæði	Ákvæði
H13 – Neðstikaupstaður, Ísafirði / 1,5 ha. Svæði á milli Ásgeirsbakka og gamla slíppsins. Þar er opið svæði til sérstakra nota* og svæði fyrir þjónustustofnanir.	Öll uppbygging á svæðinu skal miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar á húsum og hönnun lóða skulu gerðar í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins. Við uppbyggingu, til að auka aðgengi almennings að fjörunni, skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins. Sjá einnig kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.

* Villa í gildandi skipulagi. Er eingöngu svæði fyrir þjónustustofnanir, sbr. skipulagsuppdrátt.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Neðstikaupstaður er eftir breytingu innan miðsvæðis og fjaran á opnu svæði til sérstakra nota. Ákvæði breytast ekki en nú er vísað í skilmála verndarsvæðis í byggð sem taka skal mið af við þróun svæðis og framkvæmdir. Hverfisverndar ákvæðin eru í samræmi skilmála verndarsvæðis í byggð.

Tafla 7.11. Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar. [Breytt aðalskipulag]

Svæði	Ákvæði
H13 – Neðstikaupstaður, Ísafirði / 1,5 ha. Svæði á milli Ásgeirsbakka og gamla slíppsins. Þar er opið svæði til sérstakra nota og miðsvæði.	Öll uppbygging á svæðinu skal miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar á húsum og hönnun lóða skulu gerðar í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins. Við uppbyggingu, til að auka aðgengi almennings að fjörunni, skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins. Taka skal mið af skilmálum verndarsvæðis í byggð. ²² Sjá einnig kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Engin breyting.

3.5 Safna- og menningarhús

Svæði Þ11 í Neðstakaupstað breytist í miðsvæði. Önnur svæði sem áður tilheyrðu Þ11 breytast í opin svæði til sérstakra nota (fjaran) og athafnasvæði (slíppurinn).

Tafla 9.2. Safna- og menningarhús í sveitarfélaginu. [Fyrir breytingu aðalskipulags]

Svæði	Ákvæði
Þ11 – Safnasvæði í Neðstakaupstað á Ísafirði / 3 ha. Friðuð hús frá 18. Öld. Sjá einnig kafla 10 um útivist, opin svæði og þróttir.	Safnið er á hverfisverndarsvæði H13 og gilda því ákvæði hverfisverndar. Svigrúm til stækkunar safnasvæðis, s.s. fyrir naust og bryggju fyrir bátasafn. Áhersla á aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið, s.s. skipa- og bátasmíði, veitingarekstur og ferðaþjónusta.

²² Ísafjarðarbær, 2022.



BREYTING Á GREINARGERÐ

Neðstakaupstaður breytist úr Þ11 í M4 og við bætist ákvæði um götumynd og minjavernd.

Tafla 9.2. Safna- og menningarhús í sveitarfélaginu. [Breytt aðalskipulag]

Svæði	Ákvæði
M4 – Safnasvæði í Neðstakaupstað á Ísafirði. Hluti af stærra svæði. Friðuð hús frá 18. Öld. Sjá einnig kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Safnið er á hverfisverndarsvæði H13 og gilda því ákvæði hverfisverndar. Svigrúm til stækkunar safnasvæðis, s.s. fyrir naust og bryggju fyrir bátasafn. Áhersla á aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið, s.s. skipa- og bátasmíði, veitingarekstur og ferðaþjónustu. Nýbyggingar skulu vera í samræmi við fyrirbyggjandi byggð og götumynd. Leita skal umsagnar Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda á svæðinu.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Svæði Þ11 breytist í athafnasvæði (A23), opin svæði til sérstakra nota (Ú13) og miðsvæði (M4) og fellur þar með út úr skipulaginu.

3.6 Útivist, opin svæði og íþróttir

Opið svæði til séstakra nota á syðsta hluta Suðurtanga breytist í hafnarsvæði og ræma eftir endilöngun tanganum, sem tilheyrir sama opna svæði, breytist í athafnasvæði. Fjaran á milli slíppsins og Neðstakaupstaðar breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir í opið svæði til sérstakra nota.

Tafla 10.1. Almenn útivistarsvæði. [Fyrir breytingu aðalskipulags]

Svæði	Ákvæði
Ú13 – Útivistarsvæði á Suðurtanga á Ísafirði / 2,5 ha.	Áhersla verði á aðlaðandi umhverfi til mótvægis við iðnaðarsvæði í næsta nágrenni. Aðgengi að fjöru verði tryggt. Taka skal tillit til hindranaflata Ísafjarðarflugvallar, sbr. kafla 12.8 og mynd 12.1.
Þ11 – Fjaran á Suðurtanga á Ísafirði. Upprunaleg fjara. Hluti af stærra svæði. Ú20 – Fjaran á Flateyri. Fjaran tengist sterklega götumyndinni. Hluti af stærra svæði.	Líta ber á fjöruna ásamt þeim gömlu húsum sem þar eru sem eina heild. Varðveita skal fjörunar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Svæði Þ11 fellur út og svæði Ú13, sem tilheyrir syðsta hluta Suðurtanga í gildandi aðalskipulagi, tilheyrir fjörunni við Neðstakaupstað eftir breytingu. Fyrri ákvæði Þ11 um fjöruna gilda fyrir Ú13 eftir breytinguna.

Tafla 10.1. Almenn útivistarsvæði. [Breytt aðalskipulag]

Svæði	Ákvæði
Ú13 – Fjaran á Suðurtanga á Ísafirði / 0,6 ha. Upprunaleg fjara. Fjaran er hluti af hverfisvernduð svæði (H13)	Líta ber á fjöruna ásamt þeim gömlu húsum sem þar eru, þ.e. Neðstakaupstað og nágrenni, sem eina heild. Varðveita skal fjöruna en jafnframt gera ráð fyrir bættu aðgengi.
Ú20 – Fjaran á Flateyri. Fjaran tengist sterklega götumyndinni. Hluti af stærra svæði.	Líta ber á fjöruna ásamt þeim gömlu húsum sem þar eru sem eina heild. Varðveita skal fjörunar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi.



BREYTING Á UPPDRÆTTI

Í breyttu aðalskipulagi tekur Ú13 til fjörunnar á Suðurtanga og svæði Þ11 fellur út. Syðsti hluti Suðurtanga, þar sem Ú13 var áður, breytist í hafnarsvæði (K1) og ræman eftir endilöngum tanganum (áður Ú13) breytist í athafnasvæði (A23). Gönguleiðir eru tilgreindar á uppdrætti.

3.7 Göngu- og hjólaleiðir

Í gildandi aðalskipulagi eru megin gönguleiðir sýndar á uppdrætti. Gönguleiðir í aðalskipulagsbreytingunni eru aðlagðar að breytttri landnotkun, m.a. með tilliti til móttöku farþega skemmtiferðaskipa á norðanverðu skipulagssvæðinu.

Gert er ráð fyrir gönguleið farþega af skemmtiferðaskipum sem liggur þvert yfir tangann á milli Sundabakka og Neðstakaupstaðar annars vegar og að Sundahöfn hins vegar. Þessum gönguleiðum er ætlað að beina farþegum um örugga leið að Neðstakaupstað og þaðan í átt að miðbæ um Suðurgötu eða að ferðaþjónustu í Sundahöfn. Gönguleiðin skal nánar útfærð í deiliskipulagi.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Kafla 12.2. Göngu- og hjólaleiðir

Ekki eru gerðar breytingar á stefnu eða skipulagsákvæðum í kaflanum.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Breytingar á megin gönguleiðum eru sýndar á uppdrætti. Nánari útfærslu skal gera í deiliskipulagi.

3.8 Sjóvarnir

Í kafla 3.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof í gildandi aðalskipulagi er fjallað um sjóvarnir. Ekki er tæmandi upptalning á sjóvörnum en varnir eru tilgreindar á skipulagsuppdrætti. Ekki eru sýndar sjóvarnir á sunnanverðum Suðurtanga í gildandi aðalskipulagi en í breyttu aðalskipulagi er gert ráð fyrir um 700 m löngum

sjóvarnargarði frá Sundabakka og að slippnum. Ágangur sjávar er þó ekki umtalsverður á þessu svæði. Efni í sjóvarnir verður tekið úr efnisnámmum á svæðinu, þ.e. námu í Dagverðardal (E3) og Austmannsjalli (E8) en sú síðarnefnda heimilar allt að 30.000 m³ grjótnám. Báðar námurnar eru tilgreindar í gildandi aðalskipulagi.

Hæð lands yfir sjó skal miðast við viðmið Vegagerðarinnar um landhæð á lágsvæðum ²³ og fyrirbyggjandi mat á líklegum sjávarflóðum á Suðurtanga.²⁴ Sjóvarnir og landhæð skal útfæra nánar í deiliskipulagi.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Kafla 3.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof

Ekki eru gerðar breytingar á stefnu eða skipulagsákvæðum í kaflanum.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Gert er ráð fyrir sjóvarnargarði sem nær frá Sundabakka og að slippnum.

3.9 Gatnakerfi í þéttbýli

Húsagötur eru sýndar til skýringar í gildandi aðalskipulagi og eru því ekki bindandi. Við skipulagsbreytinguna er lögð áhersla á að auka öryggi gangandi og hjólandi um svæðið, sérstaklega í tengslum við móttöku farþega skemmtiferðaskipa.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Kafla 12.2. Göngu- og hjólaleiðir

Ekki eru gerðar breytingar á stefnu eða skipulagsákvæðum í kaflanum.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Götur eru sýndar á uppdrætti. Nánari útfærslu skal gera í deiliskipulagi.

²³ Í umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags setti Vegagerðin fram tillögu um lágmarks gólfhæð bygginga á Suðurtanga.

²⁴ Björn Erlingsson, 2014.



3.10 Fráveita

Lögð hefur verið fráveitulögn að sunnanverðum Sundabakka. Þar er gert ráð fyrir grófhreinsistöð í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Hreinsistöðin er á hafnarsvæði og er tilgreind sérstaklega í ákvæðum fyrir K1 (kaflí 3.1, tafla 8.1. hér að framan).

BREYTING Á GREINARGERÐ

Kaflí 11.2.3 Fráveita

Ekki eru gerðar breytingar á stefnu eða skipulagsákvæðum í kaflanum.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Engin breyting

3.11 Vatnsveita

Vegna breyttrar landnotkunar og fyrirhugaðrar landfyllingar á Suðurtanga er gert ráð fyrir breytttri landtöku vatnslagnar sem þverar Pollinn, frá innsta hluta Skutulsfjarðar og að Suðurtanga.

BREYTING Á GREINARGERÐ

Kaflí 11.2.1. Vatnsveita

Ekki eru gerðar breytingar á stefnu eða skipulagsákvæðum í kaflanum.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Fyrirhuguð vatnslögn tekur land á syðsta hluta tangans.



4 UMHVERFISMAT

4.1 Matsskylda áætlunar

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Gert var sameiginlegt umhverfismat fyrir aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagsbreytingar á Suðurtanga. Aðalskipulagsbreytingin felur ekki í sér landnotkun sem kallar á mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Umhverfismatið tekur einnig til fyrirhugaðra deiliskipulagsbreytinga sem nú eru í vinnslu.

4.2 Viðmið, vísar og umhverfisþættir

Í töflu 1 eru tilgreindir þeir umhverfisþættir sem talið er að verði fyrir áhrifum af skipulaginu. Notast er við umhverfisviðmið og umhverfisvísa til að meta umfang og vægi áhrifanna (Tafla 2). Viðmiðin eru byggð á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.²⁵ Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.²⁶ Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu og öðrum áætlunum á landsvísi sem marka stefnu um landnotkun. Lagt er mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji umhverfisviðmiðin eða gangi gegn þeim. Lagðar eru fram matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna (Tafla 4).

Tafla 1. Matsþættir og umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Liffræðileg fjölbreytni, loftslag, jarðvegur og landslag	Röskun vegna uppbyggingar á náttúrulegu landi og í sjó og röskun búsvæða getur haft neikvæð áhrif á umhverfisþættina. Fjaran við Neðstakaupstað er hverfisvernduð.
Menningarleg verðmæti	Bæjarlandslag og menningarminjar	Möguleg áhrif á menningarminjar. Uppbygging á svæðinu kann að hafa áhrif á heildarmynd Eyrarinnar sem er að hluta til hverfisvernduð vegna ásýndar og sögu. Öll Eyrin, þ.m.t. Suðurtangi, hefur sterk tengsl við sjóinn og artvinnusögu sem á að viðhalda samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Bygging sjóvarna kann að hafa áhrif á bæjarlandslag.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar og efnisleg verðmæti	Uppbygging og fyrirkomulag á Suðurtanga hefur bein áhrif á þróun atvinnulífs á Ísafirði. Tryggja þarf nægt rými fyrir atvinnustarfsemi og lágmarka árekstra á milli aðila. Vernda þarf byggðina fyrir sjávarflóðum.
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna, íbúar, landslag og næmni fyrir hættu á náttúruhamförum	Skipulagið breytir ásýnd Eyrarinnar. Við skipulagsgerðina skapast tækifæri til að bæta umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi. Vernda þarf byggðina fyrir sjávarflóðum.

Tafla 2. Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem notaðir voru í matinu.

²⁵ Stjórnarráð Íslands, 2020a.

²⁶ Stjórnarráð Íslands, 2020b.



Umvhverfisviðmið	Byggt á	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir													
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Löft	Löftslag	Efnisleg verðmæti	Menningararfleifið	Landslag	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan, heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysna.	Heimsmarkmið nr. 3 Landsskipulagsstefna	Umferðarslys Aðgengi að útivist Ásýnd lands Bæjarlandslag Hljóðstig														
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum. Bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur.	Heimsmarkmið nr. 11 Landsskipulagsstefna	Ferðamátar Almennings-samgöngur Umferðarslys Löftgæði														
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum	Binding kolefnis Losun kolefnis Náttúruvá Sjóvarnir														
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni.	Heimsmarkmið nr. 15 Lög um náttúruvernd	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Fuglalíf Verndarsvæði														
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif, styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi.	Heimsmarkmið nr. 14	Ástand sjávar og strandsvæða Mengun frá landi														



Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfispættir													
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Lofschlag	Efnisleg verðmæti	Menningararfleifið	Landslag	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum	Landsskipulagsstefna Menningarstefna í mannvirkjagerð Lög um menningarm.	Fágæti landslags Ásýnd lands Bæjarlandslag Byggðamynstur Fornleifa-skráning Húsakönnun														
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.	Heimsmarkmið nr. 8 Landsskipulagsstefna	Hagvöxtur Íbúafjöldi Staða atvinnulífs og Fjölbreytni														
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.	Heimsmarkmið nr. 9 Landsskipulagsstefna	Fjarskipti Veitur Umferð Vinnu- og þjónustusókn Aðgengi að þjónustu														



Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir													
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fólfbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Löft	Löftslag	Efnisleg verðmæti	Menningararfleifið	Landslag	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum
Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi Huga að mælikvarða byggðar, byggðamynstri og samspili byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Huga að almenningssýnum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru, hreyfingar og náttúruupplifunar. Varðveita verðmæt náttúrusvæði í byggð. Taka tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og nýta menningararfinn til að styrkja sérkenni og staðaranda.	Landsskipulagsstefna	Aðgengi að útivist Ásýnd lands Vistkerfi Ferðamátar Menningarminjar Verndarsvæði														
Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta Stuðla að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Áhersla á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.	Landsskipulagsstefna	Ferðamátar Losun kolefnis Umferð Umferðarslys														



4.3 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Í umhverfismatinu eru áhrif skipulagsbreytingarinnar metin út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir um svæðið. Stuðst er við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar eins og sjá má í töflu 3.²⁷ Áhrif mismunandi valkosta eru greind og metin í töflu 4.

Tafla 3. Vægiseinkunnir fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4.4 Stefnukostir

Þrír stefnukostir voru skoðaðir og bornir saman.

A. Íbúðarsvæði og atvinnusvæði:

Íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir á vestanverðum tanganum. Á austanverðum tanganum verði iðnaðarsvæði og hafnarsvæði. Valkosturinn er í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag.

B. Atvinnusvæði og miðsvæði:

Iðnaðar- og athafnasvæði auk hafnarsvæðis við Sundabakka og miðsvæðis á vestanverðum og norðanverðum tanganum.

C. Takmörkuð uppbygging:

Uppbygging á Suðurtanganum takmarkist við þær byggingar sem þegar hafa verið byggðar og aðra nýtingu sem kallar ekki á nýbyggingar.

Að auki voru skoðaðar mismunandi útfærslur á innviðum vegna móttöku skemmtiferðaskipa, sjóvörnum og staðsetningu gámasvæðis.

²⁷ Skipulagsstofnun, 2007



4.5 Áhrif aðalskipulagsbreytingar

Í töflu 4 eru umhverfisáhrif valkosta metin m.t.t. umhverfisviðmiða.

Tafla 4. Mat á áhrifum þeirra valkosta sem skoðaðir voru í tengslum við aðalskipulagsbreytinguna. Matið tekur einnig til deiliskipulagsbreytingar.

Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar Stuðlar skipulagið að möguleikum til útivistar og hreyfingar? Stuðlar skipulagið að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika? Stuðlar skipulagið að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa?	Neikvæð áhrif (-) Gert er ráð fyrir gönguleiðum og grænum svæðum. Grænu svæðunum er ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum iðnaðar- og athafnastarfsemi á fyrirhugaða íbúðarbyggð. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir hjólaleiðum í deiliskipulagi. Mikil fjölgun skemmtiferðaskipa hefur leitt til árekstra ferþega þeirra við aðra atvinnustarfsemi. Öryggi gangandi ferðamanna er ófullnægjandi og þeir trufla starfsemi við höfnina.	Jákvæð áhrif (+) Atvinnusvæði kemur í stað íbúðarsvæðis og því verður minna svigrúm á Suðurtanga fyrir útivist. Fjaran við Neðstakaupstað er áfram hverfisvernduð. Aukin áhersla er lögð á göngu- og hjólaleiðir. Eitt af áhersluatriðum skipulagsbreytinganna er að auka öryggi gangandi ferðamanna með því aðgreina gönguleiðir þeirra og aðra atvinnustarfsemi.	Óveruleg áhrif (0) Takmörkuð uppbygging gæti opnað á möguleika til útivistar á svæðinu með hjóla- og gönguleiðum. Þessi kostur leysir ekki árekstra sem verða á milli ferþega skemmtiferðaskipa og annarrar starfsemi á svæðinu.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? Stuðlar skipulagið að eflingu nærþjónustu? Stuðlar skipulagið að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla? Stuðlar skipulagið að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist?	Veruleg neikvæð áhrif (--) Í Deiliskipulagi fyrir Suðurtanga er tekið mið af líklegum sjávarflóðum með hækkan lands. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsnæði á Suðurtanga til að bregðast við aukinni eftirspurn þess. Komið hefur í ljós að meiri eftirspurn er eftir atvinnulóðum á Suðurtanga en búist var við í skipulaginu. Fjölgun ferðamanna með skemmtiferðaskipum hefur skapað vandamál sem ekki eru leyst í gildandi skipulagi. Nálægð fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar á Suðurtanga við iðnaðarsvæði mun rýra gæði byggðarinnar.	Jákvæð áhrif (+) Landhæð og gólfhæð bygginga í deiliskipulagi mun taka mið af nýjustu upplýsingum um sjávarstöðu og sjávarflóð. Skipulagið mun efla iðnaðar- og atvinnustarfsemi og bregðast við þeirri eftirspurn sem hefur verið eftir slíkum lóðum. Ný íbúðarsvæði verða utan Suðurtanga, m.a. á Eyrinni sbr. aðalskipulagsbreytingu frá árinu 2023. Þar er tækifæri til að þróa aðlaðandi byggð í góðri tengingu við þjónustu og innviði á Eyrinni. Skipulagsbreytingar munu auka umferðaröryggi með skýrri afmörkun gönguleiða og aðgreiningu gangandi ferðamanna og atvinnustarfsemi.	Óveruleg áhrif (0) Takmörkuð uppbygging hefur jákvæð áhrif m.t.t. sjávarflóða, þ.e. eykur ekki líkur á tjóni á mannvirkjum. Þessi valkostur felur ekki í sér uppbyggingu atvinnuhúsnæðis eða íbúðarhúsa eins og hinir kostirnir gera. Aukin eftirspurn íbúðarlóða og atvinnulóða kallar á uppbyggingu annars staðar í Skutulsfirði. Þessi kostur leysir ekki árekstra sem verða á milli ferþega skemmtiferðaskipa og annarrar starfsemi á svæðinu. Mögulegt er að auka öryggismál með ákveðnum aðgerðum og útfærslum.



Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis? Er tekið tillit til loftslagsbreytinga og náttúruvár í skipulaginu með aðlögun?	Óveruleg áhrif (0) Uppbygging íbúðarhúsnæðis veldur aukinni losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur að byggja þarf íbúðarhúsnæði á Ísafirði til að anna eftirspurn. Lítið er fjallað um loftslagsbreytingar og bindingu kolefnis í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi. Í deiliskipulagi er sérstök umfjöllun um sjávarflóð á Suðurtanga og landhæð á Tanganum tekur mið af mati á líklegum sjávarflóðum. Matið er komið til ára sinna og þörf er á nýju mati.	Jákvæð áhrif (+) Uppbygging iðnaðar- og athafnasvæðis veldur aukinni losun gróðurhúsalofttegunda. Aukin eftirspurn er eftir iðnaðar- og athafnasvæðum á Ísafirði. Fyrir liggur að byggja þarf til að anna þessari eftirspurn. Í endurskoðuðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir göngu og hjólaleiðum sem m.a. er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Umfang grænna svæða á Suðurtanga minnkar miðað við gildandi skipulag. Nýtt lágsvæði verður til við landfyllingu. Landhæð og gólfhæð bygginga í deiliskipulagi munu taka mið af nýjustu upplýsingum um sjávarstöðu og sjávarflóð. Ekki verður sérstök umfjöllun um bindingu kolefnis í skipulagsbreytingunum en gera má ráð fyrir að fjallað verði um hana í heildarendurskoðuðu aðalskipulagi. Atvinnuhúsnæði getur þolað sjávarflóð betur en íbúðarhúsnæði. Nýta á efni úr dýpkun við Sundabakka til landfyllingar. Sigla þarf stutta vegalengd með efnið. Almennu eru þó nýjar landfyllingar orkufrekar og valda auknum gróðurhúsaáhrifum við framkvæmdir.	Jákvæð áhrif (+) Takmörkuð uppbygging mun leiða til minni losunar gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur þó að eftirspurn er eftir atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði á Ísafirði og bæjarfélagið vill bregðast við því með uppbyggingu. Uppbygging annars staðar, án landfyllingar, getur leitt til minni losunar. Takmörkuð uppbygging mun hafa jákvæð áhrif m.t.t. sjávarflóða, þ.e. eykur ekki líkur á tjóni.



Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli friðlýst? Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróíð land? Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa? Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Óveruleg áhrif (0) Skipulagssvæðið er manngert og mikið raskað með tilheyrandi áhrifum á umhverfið, m.a. á búsvæði fugla. Land hefur nú þegar að mestu leyti verið hækkað í þá hæð sem gildandi deiliskipulag kveður á um. Ekki er gert ráð fyrir frekari landfyllingum. Óbreyt skipulag hefur ekki áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, lykil vistkerfi eða svæði sem njóta sérstakrar verndar.²⁸	Óveruleg áhrif (0) Uppbygging atvinnusvæðis með landfyllingu hefur neikvæð áhrif á umhverfið. Áhrif á landi verða þó takmörkuð, þar sem skipulagssvæðið er manngert og mikið raskað. Skipulagsbreytingin, þ.m.t. ný landfylling, hefur ekki áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, lykil vistkerfi eða svæði sem njóta sérstakrar verndar.²⁹	Óveruleg áhrif (0) Skipulagssvæðið er nú þegar raskað og að mestu manngert. Takmörkuð uppbygging hefur jákvæð áhrif á vistkerfi, m.a. búsvæði fugla.³⁰

²⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023a og 2023b

²⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023a og 2023b

³⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023a og 2023b



Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun, efnistöku, byggð eða starfsemi? Er stefnan í samræmi við vatnaáætlun Íslands 2022-2027?	Óveruleg áhrif (0) Landfyllingar samkvæmt gildandi skipulagi hafa þegar verið gerðar og áhrif þeirra verið metin í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi sem og í mati á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar við Sundabakka.³¹ Gildandi skipulag mun ekki hafa frekari áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða. Við undirbúning framkvæmda þarf að skoða áhrif fyrri tíma urðunar á Suðurtanganum.	Neikvæð áhrif (-) Ný landfylling á syðsta hluta tangans mun raska hafsbótunum og lífríki á framkvæmdasvæðinu. Á fyrirhuguðu fyllingarsvæði eru líflitlar sandfjörur og á botninum er fíngert set.³² Niðurstöður kornastærðargreiningar á seti við Sundabakka frá árinu 2020 sýna að ekki er þörf á ítarlegum rannsóknum á setinu skv. leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis (útgefnum af UST).³³ Í mati á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar við Sundabakka kemur fram að tegundir sem lifa á botni utan við hafnarkantinn (á dýpkunarsvæði) séu algengar á samsvarandi dýpi í Skutulsfirði, við Vestfirði og víða við landið.³⁴ Á fyllingar-svæðinu er enga sjaldgæfa tegund að finna. Verndargildi lífríkisins við Sundabakka er því lítið og fjölbreytni þess ekki meiri en gerist og gengur í Skutulsfirði og Ísafjarðardjúpi. Samkvæmt umhverfismatinu mun framkvæmdin við Sundabakka ekki hafa áhrif á lífauðugt svæði eða viðkvæmt botndýralíf og áhrifin á botni takmarkast við framkvæmdasvæðið. Líklegt er að áhrif landfyllingar við innanverðan Suðurtanga verði þau sömu og lýst var að ofan. Sé horft til mats á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar við Sundabakka má gera ráð fyrir að landfylling muni hafa neikvæð áhrif á þær fugategundir sem sækja sér fæðu á svæðið sem mun raskast. Ekki er þó talið að fuglar innar í firðinum verði fyrir teljandi áhrifum.³⁵ Samkvæmt umhverfismati vegna dýpkunar við Sundabakka munu dýpkun þar og landfylling hafa óveruleg áhrif á strauma. Fyrirhuguð landfylling við syðri enda Suðurtanga mun vegna legu sinnar hafa enn minni áhrif á strauma, sem eru takmarkaðir þar. Áhrif á vatnsskipti Pollsins verða því óveruleg. Því má gera ráð fyrir að Pollurinn muni ekki breytast	Óveruleg áhrif (0) Takmörkuð uppbygging mun hafa óveruleg áhrif á umhverfi hafs og strandsvæðisins umfram það sem þegar hefur orðið. Skoða þarf áhrif fyrri tíma urðunar á Suðurtanganum.
---	---	---	--



Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Framhald Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Hefur stefnan áhrif á vistkerfi haf- og strandsvæða, svo sem með losun, efnistöku, byggð eða starfsemi? Er stefnan í samræmi við vatnaáætlun Íslands 2022-2027?		sem viðtaki og gæðapættir sem lýsa eiga ástandi strandsjávar, skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, ekki að versna. Fyrirhuguð fráveitulögn Suðurtanga liggur í Sundin þar sem straumur er mikill og því mun lífrænt efni þynnast og dreifast. Fyrirhuguð hreinsistöð mun auk þess draga úr mengun. Ísafjarðarbær er að hefja endurbætur á fráveitu í Skutulsfirði í framhaldi af úttekt á fráveitumálum.³⁶ Í kjölfar þess og þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um ástands Pollsins verður hægt að meta árangur aðgerða í samvinnu við Umhverfisstofnun. Við undirbúning framkvæmda þarf að skoða áhrif fyrri tíma urðunar á Suðurtanganum.	

³¹ Ísafjarðarbær, 2021.

³² Ísafjarðarbær, 2021.

³³ Ísafjarðarbær, 2021.

³⁴ Ísafjarðarbær, 2021.

³⁵ Ísafjarðarbær, 2021.

³⁶ Verkís, 2017.



Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, ásjúnd, byggingarhefðum, náttúru o.fl.? Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Óveruleg áhrif (0) Í gildandi skipulagi er tekið tillit til náttúru og menningarminja. Upprunaleg fjara og menningarverðmæti í Neðstakaupstað eru hverfisvernduð. Fyrirhuguð íbúðarbyggð tekur mið af þeim staðaranda sem einkennir byggð á Eyrinni og menningarsögu sem m.a. tengist sjósókn og nálægð við hafið.	Óveruleg áhrif (0) Skipulagsbreytingar taka tillit til náttúru og menningarminja. Upprunaleg fjara og menningarverðmæti í Neðstakaupstað eru hverfisvernduð. Skipulagsbreytingar, þ.m.t. ný landfylling, hafa ekki áhrif á svæði á náttúrumínjaskrá eða svæði sem njóta sérstakrar verndar. Við útfærslu á fyrirhugaðri uppbyggingu atvinnusvæðis er reynt að taka mið af þeim staðaranda sem einkennir byggð á Eyrinni og menningarsögu sem m.a. tengist sjósókn og nálægð við hafið. Næst Neðstakaupstað er gert ráð fyrir miðsvæði og á því svæði sem snýr að Pollinum er gert ráð fyrir hreinlegri starfsemi með áherslu á snyrtilega ásjúnd.	Óveruleg áhrif (0) Takmörkuð uppbygging hefur óveruleg áhrif á sérstæða náttúru og menningarminjar.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? Stuðlar stefnan að eflingu nærpjónustu?	Neikvæð áhrif (-) Í gildandi aðalskipulagi er áhersla lögð á þróttmikla atvinnusköpun og aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu. Áhersla er lögð á að nýta þá styrkleika sem felast í nálægð við náttúruna. Eitt af meginmarkmiðum skipulagsins er að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og atvinnusvæðum á Suðurtanga. Stefnan býður upp á takmarkað byggingarland fyrir atvinnustarfsemi á Suðurtanganum og í Skutulsfirði almennt. Eftirspurn atvinnulóða er meiri en gert er ráð fyrir í forsendum gildandi skipulags.	Jákvæð áhrif (+) Fjölgun atvinnulóða á Suðurtanga eru viðbrögð við aukinni eftirspurn slíkra lóða. Í nýlegri breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á landfyllingu norðan Eyrarinnar. Landrými í Skutulsfirði er takmarkað og þróunarmöguleikar því sömuleiðis. Jákvætt er að hafa iðnaðar- og athafnastarfsemi á sama svæðinu þannig að starfsemin valdi ekki ónæði í íbúðarbyggð. Hafnsækin starfsemi þrífst best nálægt höfn. Skipulagsbreytingarnar taka á árekstrum á milli ferðamanna skemmtiferðaskipa og annarra atvinnugreina á Suðurtanganum. Skipulagsbreytingunni er ætlað að hafa jákvæð áhrif á þá atvinnustarfsemi sem fyrir er og stuðla að frekari uppbyggingu atvinnutækifæra og nýsköpunar.	Neikvæð áhrif (-) Í þessum valkosti er ekki brugðist við aukinni eftirspurn eftir atvinnulóðum. Landrými í Skutulsfirði er takmarkað og þróunarmöguleikar fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi því sömuleiðis.



Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? Stuðlar stefnan að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs? Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Neikvæð áhrif (-) Aðalskipulag og deiliskipulag gera ráð fyrir lengingu Sundabakka. Bakinn hefur nú þegar verið lengdur. Stefnan býður uppá takmarkað byggingarland fyrir atvinnustarfsemi á Suðurtanganum og í Skutulsfirði almennt. Eftirspurn atvinnulóða er meiri en gildandi skipulag heimilar. Gert er ráð fyrir gönguleiðum og grænum svæðum í gildandi skipulagi. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir hjólaleiðum í deiliskipulagi. Fjölgun ferðamanna með skemmtiferðaskipum hefur skapað vandamál sem ekki eru leyst í gildandi skipulagi. Í deiliskipulagi er sérstök umfjöllun um sjávarflóð á Suðurtanga og landhæð tekur mið af mati á líklegum sjávarflóðum. Matið er komið til ára sinna og þörf er á nýju mati.	Jákvæð áhrif (+) Skipulagsbreytingunum er ætlað að hafa jákvæð áhrif á þá atvinnustarfsemi sem fyrir er og stuðla að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs með fjölgun atvinnulóða á Suðurtanga. Aukin áhersla er lögð á göngu- og hjólaleiðir frá fyrri skipulagi. Eitt af áhersluatriðum skipulagsbreytinganna er að auka öryggi gangandi með því aðgreina ferðabjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Nýtt lágsvæði verður til við landfyllingu. Tekið verður tillit til sjávarflóða með landmótun og sjóvörnum á grundvelli mats á sjávarflóðahættu og öðrum fyrirbyggjandi viðmiðum.	Neikvæð áhrif (-) Stefnan býður upp á takmarkað byggingarland fyrir atvinnustarfsemi á Suðurtanganum og mun ekki mæta núverandi þörf á byggingarlandi Mögulega má mæta þeirri þörf með lóðum á öðrum stöðum en hafa þarf í huga að gott byggingarland fyrir atvinnustarfsemi er takmarkað í Skutulsfirði. Takmörkuð uppbygging mun hafa jákvæð áhrif m.t.t. sjávarflóða, þ.e. eykur ekki líkur á tjóni.
Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar hljóðvist? Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu? Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Óveruleg áhrif (0) Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á Suðurtanganum, þ.e. í nálægð við þá þjónustu sem fyrir er á Eyrinni. Búast má við að nálægð iðnaðar- og athafnastarfsemi við fyrirhugaða íbúðarbyggðyrri gæði byggðar á Suðurtanga. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir gönguleiðum og grænum svæðum. Grænu svæðunum er ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum iðnaðar og athafnastarfsemi á fyrirhugaða íbúðarbyggð.	Jákvæð áhrif (+) Í skipulagsbreytingunni er Suðurtangi einkum ætlaður fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á Suðurtanga en í nýlegri breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á landfyllingu norðan Eyrarinnar. Þar er tækifæri til að þróa aðlaðandi byggð í góðri tengingu við þjónustu og innviði á Eyrinni. Í skipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að efla svæðið næst Neðstakaupstað sem miðsvæði og að tryggja aðgengi að fjörunni sem útivistarsvæðis. Einnig er leið gangandi meðfram Pollinum tryggð.	Óveruleg áhrif (0) Takmörkuð uppbygging gæti opnað á möguleika til útivistar á svæðinu með hjóla- og gönguleiðum. Gott byggingarland fyrir atvinnustarfsemi er takmarkað í Skutulsfirði. Uppbyggingu atvinnustarfsemi annars staðar í Skutulsfirði munu fylgja neikvæð áhrif á núverandi byggð og umhverfið.



Umhverfisviðmið og matsspurningar	Óbreytt aðalskipulag og deiliskipulag með íbúðarsvæði og atvinnusvæði	Atvinnusvæði og miðsvæði	Takmörkuð uppbygging
Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Neikvæð áhrif (–) Gert er ráð fyrir gönguleiðum og grænum svæðum í gildandi skipulagi. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir hjólaleiðum. Fjölgun ferðamanna með skemmtiferðaskipum hefur skapað vandamál sem ekki eru leyst í gildandi skipulagi.	Jákvæð áhrif (+) Aukin áhersla er lögð á göngu- og hjólaleiðir frá fyrra skipulagi. Eitt af áhersluatriðum skipulagsbreytinganna er að auka öryggi gangandi með því að aðgreina ferðapjónustu og aðra atvinnustarfsemi.	Óveruleg áhrif (0) Takmörkuð uppbygging gæti opnað á möguleika til útivistar á svæðinu með hjóla- og gönguleiðum. Þessi kostur mun ekki leysa árekstra sem verða á milli farþega skemmtiferðaskipa og annarrar starfsemi á svæðinu.



4.6 Niðurstaða

Skipulagsbreytingunum, m.a. fjölgun atvinnulóða, er ætlað að hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf með aukinni samkeppnishæfni og stuðla að nýsköpun og frekari atvinnutækifærum. Jafnframt er skipulagsbreytingunum ætlað að auka öryggi gangandi með því aðgreina ferðapjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Einnig er hugað að samræmi nýrrar byggðar við fyrirliggjandi byggð og ásýnd svæðisins séð frá Pollinum og íbúðarbyggð. Skipulagssvæðið er mikið raskað og manngert og breytingarnar hafa ekki áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, lykil vistkerfi eða svæði sem njóta sérstakrar verndar. Nýtt lágsvæði verður til við landfyllingu. Tekið verður tillit til sjávarflóða með landmótun og sjónörnum á grundvelli mats á sjávarflóðahættu og öðrum fyrirliggjandi viðmiðum. Ekki liggur þó fyrir staðbundið hættumat með tilheyrandi áhættuviðmiðum.

4.7 Eftirfylgni og mótvægisáðgerðir

Við deiliskipulagsgerð og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa ber að taka mið af þeim þáttum sem eru til umfjöllunar í umhverfismatinu og þeim skilmálum sem settir eru í aðalskipulaginu þannig að draga megí úr áhrifum framkvæmda.

Mikilvægt er að gert verði staðbundið hættumat vegna sjávarflóða eins fljótt og hægt er og tillit tekið til þess við framkvæmdir og skipulagsákvæðanir í framtíðinni.



TILVITNANIR OG HEIMILDIR

Alta, 2022. Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Verndarsvæði í byggð. Auglýsing tillögu skv. 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Júlí 2022.

Alþingi, 2024. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Sótt þann 3.6. 2024 af vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/154/s/0621.html>

Að auki nefndarálit með breytingartillögu um þingsályktunartilöguna: <https://www.althingi.is/altext/154/s/1673.html>

Björn Erlingsson, 2014. Af sjávarflóðum á Skutulsfjarðareyri, aðferð við bráðabyrgða sjávarflóðamat. Drög. Veðurstofa Íslands, BE/19/11/2014.

Bragi Bergsson, Herborg Árnadóttir og Jóna Símónía Bjarnadóttir, 2022. Ísafjörður – Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Húsakönnun. Ísafjörður 2022.

Embætti Landlæknis, 2023. Heilsueflandi samfélag. Sótt 8. maí 2023 af <https://island.is/heilsueflandi-samfelag>

Ísafjarðarbær, 2019. Framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa. Skýrsla starfshóps.

Ísafjarðarbær, 2021. Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Sótt 1. september 2023 af <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1672/202007022%20-%20D%C3%BDpkun%20vi%C3%B0%20Sundabakka%20C3%A1%20C3%8Dsafir%C3%B0i.pdf>

Ísafjarðarbær, 2022. Verndarsvæði í Byggð. Tillaga og greinargerð. Neðstkukaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Nóvember 2022. <https://www.isafjordur.is/static/files/Skipulag/Verndarsvaedi/verndarsvaedi-i-byggd-tillaga-og-greinargerð.pdf>

Ísafjarðarbær, 2023. Skemmtiferðaskip 2023. Sótt 20. Ágúst 2023 af <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/hafnir/-skemmtiferdaskip/skemmtiferdaskip-2023>

Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 4. júní 2023 af www.stjornarradid.is/

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023a. Vistgerðarkort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt 3. október 2023 af kortasjá NÍ: <https://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023b. Náttúruminjaskrá. Sótt 4. október 2023 af kortasjá NÍ: <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/kortasjar>

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NVNR8/02.

Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 6. september 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 28. ágúst 2023 af <http://www.landsskipulag.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2022. Byggðaáætlun 2022-2036. Sótt 10. febrúar 2024 af <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

Stjórnarráð Íslands, 2020a. Heimsmarkmiðin. Sótt 25. ágúst 2023 af <http://heimsmarkmidin.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2020b. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 25. ágúst 2023 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017. Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029. Sótt 23. febrúar 2024 af <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Hreint%20loft%20til%20fram%20AD%C3%B0ar,%20lokaeintak.pdf>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Júní 2020. Sótt 8. maí 2023 af <https://www.stjornarradid.is/>



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021. Í ljósi loftslagsvár – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum. September 2021. Sótt 9. maí 2023 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfisstofnun, 2022. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Sótt 29. september 2023 af [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

Vestfjarðastofa, 2023A. Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Endurskoðaðar áherslur 2023. Sótt 9. maí 2023 af <https://www.vestfiridir.is/Vestfjarðarstofa.2020>.

Vestfjarðastofa, 2023B. Nýsköpunarbærinn Ísafjörður. Sótt 11. maí 2023 af <https://www.vestfiridir.is/is/moya/news/nyskopunarbaerinn-isafjordur>

Verkís, 2017. Fráveita Ísafjarðarbæjar. Úttekt. Birgir Tómas Arnar og Vigfús Arnar Jósefsson.